

Retrieverdeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2010

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 16. mars 2011
í húsnæði HRFÍ að Síðumúla 15

Stjórn og nefndir

Ræktunarstjórn	Veiðinefnd	Sýninganefnd	Básanefnd
Guðbjörg Guðmundsdóttir Guðm. A. Guðmundsson * Ragnar Dagur Guðmundsson Samúel Hermannsson Þorsteinn Birgisson	Gísli Unnsteinsson Guðjón Páll Sigurðsson Heiðar J. Sveinsson Ingibergur Þorvaldsson Ingólfur Guðmundsson * Samúel Hermannsson Þorsteinn Birgisson	Delia Howser Elsa Hlín Magnúsdóttir Guðbjörg Guðmundsdóttir * Guðlaug Gísladóttir Margrét Bergsveinsdóttir	Sigrún Guðlaugardóttir Svava Guðjónsdóttir * Skemmti- og göngunefnd Guðlaug Gísladóttir * Margrét Bergsveinsdóttir

* Formaður

Deildin

Retrieverdeildin er hópdeild innan HRFÍ sem fer með málefni retrieverhunda í tegundahópi 8. Í dag eru skráðir 1480 (+192 frá í fyrra) hundar á lífi af 5 tegundum; 1 Curly-coated Retriever (± 0), 1 Chesapeake Bay (-1), 21 Flat-coated Retriever (± 0), 230 Golden Retriever (+52) og 1227 (+141) Labrador Retriever. Einungis þeir retrievereigendur sem greiða félagsgjöld til HRFÍ teljast virkir félagsmenn. Sjálfvirkum skráningum nýrra félagsmanna HRFÍ í deildir hefur verið hætt og verða nýir félagsmenn að biðja sérstaklega um að vera skráðir í deildir félagsins. Árið 2008 voru 312 af þeim sem greiddu félagsgjöld skráðir í retrieverdeildina en 1. mars 2011 eru þeir aðeins 252. Árið 2008 var Retrieverdeildin ein þriggja stærstu deilda HRFÍ með 12,7% virkra félagsmanna, en þá var heildarfjöldi félagsmanna HRFÍ 2462 (skv. skýrslu til FCI). Við hvetjum alla retrievereigendur að skrá sig í deildina, því við viljum njóta sannmælis innan félagsins. Hlutfallsleg hundaeign er enn meiri því frá því að ættbókarskráning HRFÍ hófst árið 1978 hafa verið skráð tæp 15500 ættbókarnúmer og af þeim 2631 (17%) retriever (Labrador 1841, Golden 700, Flat-coated 23, Curly 2, Chesapeake 2).

Starfsemi


Árið 2010 voru liðin 30 ár frá stofnun veiðihundadeildar HRFÍ og af því tilefni hélt Retrieverdeild uppá 30 ára afmæli sitt. Undirbúningur og framkvæmd afmælishátíðar sem haldin var að Úlfjótuvatni helgina 26. - 27. júní var sá viðburður sem mestur tími fór í. Deildin hélt 8 veiðipróf sumarið 2010 og stóð að deildarsýningu. Opið hús fyrir félagsmenn var í Sólheimakoti 8 sinnum í apríl og maí 2010 og tveir almennir fundir voru haldnir í húsnæði HRFÍ í Síðumúla (1. desember fór fram heiðrun stigahæstu hunda og þann 16. febrúar var myndasýning frá 88. breska meistaramóti sækjandi veiðihunda). Á síðasta starfsári voru haldnir 7 stjórnarfundir. Stjórn sendi fulltrúa á alla fulltrúaráðsfundi HRFÍ.

Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust alls 14 pörunarbeiðnir á árinu og var þeim öllum svarað, en 6 þurfti að hafna vegna þess að tíkur uppfylltu ekki skilyrði um ættbókarskráningu eða kröfur ræktunarstjórnar til ræktunardýra.

Got á árinu

Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2010 voru: 148 Labrador hvolpar úr 25 gotum og 55 Golden hvolpar úr 8 gotum. Golden hvolpar hafa ekki verið fleiri á einu ári síðan 1994 (40) en flestir voru þeir 67 árið 1988. Labradorhvolpum fækkaði hins vegar eftir tvö undangengin metár í fjölda.



1. mynd. Fæðingarár ættbókarskráðra Labrador- og Golden Retriever frá upphafi

Innflutningur

Fluttir voru inn 4 Labrador Retriever og 4 Golden Retriever árið 2010.

Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári og skipulagði og stóð að 8 veiðiprófum. Nefndin lagði til starfs- og fjárhagsáætlun fyrir stjórn deildarinnar fyrir árið 2011.

Dagskrá 2010

Dagskrá 2010 og fjárhagsáætlun var skilað til stjórnar HRFÍ í lok febrúar, en umfjöllun er ekki lokið þegar þetta er skrifað. Deildarsýning 2011 var samþykkt skv. Áætlun haustið 2010. Gert er ráð fyrir 9 veiðiprófum og eru dagskrárdrög birt síðar í þessari skýrslu, með fyrirvara um samþykki stjórnar HRFÍ.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Þrjár tegundir voru mjaðma- (HD) og olnboga- (ED) myndaðar á árinu.

Labrador

54 HD myndaðir: 37A, 11B, 3C, 3D (89% án galla).

54 ED myndaðir: 51A, 3C (94% án galla).

Af 1227 Labradorum á lífi eru **361** (29%) HD myndaðir og **75,1%** þeirra ekki með HD.

341 Labrador á lífi (28%) er ED myndaður og eru **94,4%** ekki með ED.

Frá upphafi hafa 448 mjaðmamyndir verið greindar: 260A, 57B, 50C, 57D, 24E (71% án).

Frá upphafi hafa 356 olnbogamyndir verið greindar: 326A, 0B, 17C, 10D, 3E (92% án).

Golden

15 HD myndaðir: 8A, 2B, 2C, 0D, 3E (67% án galla).

13 ED myndaðir: 11A, 2D (85% án galla).

Af 230 Golden á lífi eru **105** (46%) HD myndaðir og **70,5%** þeirra ekki með HD.

99 Golden á lífi (43%) eru ED myndaðir og eru **84,9%** ekki með ED.

Frá upphafi hafa 136 mjaðmamyndir verið greindar: 75A, 15B, 25C, 13D, 8E (66% án).

Frá upphafi hafa 98 olnbogamyndir verið greindar 81A, 0B, 17C, 10D, 3E (83% án).

Flat-coated

2 HD myndaðir: 1A, 1B (100% án galla).

2 ED myndaðir: 2A (100% án galla).

Af 21 Flat-coated á lífi eru **7** (24%) HD myndaðir og **100%** þeirra ekki með HD.

7 Flat-coated á lífi (33%) eru ED myndaðir og eru **100%** ekki með ED.

Frá upphafi hafa 7 mjaðmamyndir verið greindar: 6A, 1B, 0C, 0D, 0E (100% án).

Frá upphafi hafa 7 olnbogamyndir verið greindar 7A, 0B, 0C, 0D, 0E (100% án).

Augnskoðanir

Þrjár augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu. Alls mættu 91 retrieverhundar: 73 Labrador og voru greind 3 tilfelli arfgengs cataracts, 1 af corneal dystrophy (alls 7 frá upphafi), 2 tilfelli Distichiasis (alls 3 frá upphafi), 1 tilfelli af Persisterende pupilmembran (alls 2 frá upphafi) og fyrstu 2 tilfelli PHTVL/PHPV, 16 Golden Retriever og var greint 1 tilfelli arfgengs cataracts og 1 af corneal dystrophy (alls 5 frá upphafi) og 2 Flat-coated sem allir voru einkennalausir. Síðan 23.11.1990 hafa **1079** retrieverhundar verið augnskoðaðir.

Opið hús í Sólheimakoti

Frá miðjum apríl fram í maí 2010 stóð Retrieverdeild 8 sinnum fyrir opnu húsi fyrir félagsmenn í Sólheimakoti á sunnudögum f.h. Boðið var uppá margvíslega dagskrá í formi erinda, kynninga og æfinga. Bryddað var uppá ýmsu s.s. sýnt þjálfunarmyndband og rætt um s.k. C-próf. Við þökkum Sigríði Bílddal og Brynju Tomer fyrir kynningu á skapgerðarmati, Helgu Finnsdóttur fyrir kynningu á reynslu sinni af sæðingum með frystu sæði og Dagmar Völu Hjörleifsdóttur fyrir fyrirlestur um augnsjúkdóma í hundum.

Reglur um ættbóarskráningu

Í byrjun árs 2010 fór ræktunarstjórn fram á það við stjórn HRFÍ að gerðar yrðu breytingar á reglugerð um skráningu hunda í ættbók og var það samþykkt á fundi 20. janúar 2010. **Bætt var við sGreinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók%** og tekur breytingin gildi 1. júní 2010.

Sérreglur fyrir retrieverhunda verða þá heild sinni svo hljóðandi:

- Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók (gildir frá 1. júní 2010). Afkvæmi hunda sem báðir eru með C olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók (gildir frá 1. júní 2010).
- Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun.
- Eftirtaldir tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever (gildir frá 1. janúar 2007) og Golden retriever (gildir frá 1. júní 2008) verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fái skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framanlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P).

DNA próf vegna PRA (Progressive Retinal Atrophy, eða arfgeng vaxandi sjónurýmrun)

Á árinu 2010 fóru 9 retrieverhundar í PRA próf. 4 Labradorhundar og greindust 3 Normal/Clear (N/C) og 1 sem beri (#PRA). 5 Golden og greindust allir án meingens (N/C).

Frá 01.01.2005 til 01.03.2011 hafa 102 labradorhundar verið DNA prófaðir vegna PRA og greindust 82 Normal/Clear, 17 berar (Carrier; #) og 3 með meingenið (gPRA). Síðan 2008 hafa 22 Golden Retriever verið prófaðir fyrir PRA og hafa þeir allir greinst N/C.

Afmælishátíð

Retrieverdeild HRFÍ var stofnuð árið 1980. Hún hét reyndar veiðihundadeild fyrstu árin og var safndeild veiðihunda í tegundahópum 7 og 8. Árið 2010 var því 30 ára afmæli deildarinnar og var þess minnst með afmælishátíð helgina 26. - 27. júní 2010 að Úlfliótsvatni. Veiðipróf var haldið laugardaginn 26. júní og deildarsýning sunnudaginn 27. júní. Mæting var mjög góð og var þátttaka í viðburðum framar öllum vonum. Bæta þurfti við dómara á veiðipróf og sýningin var fullbókuð með 69 skráningar. Keld Jørgensen (DK) og Dagur Jónsson dæmdu veiðiprófið en Jens Erik Sønderup (DK) dæmdi sýninguna. Jens Erik er íslenskum retrievereigendum að góðu kunnur, því hann hefur verið okkur innan handar frá upphafi, m.a. með sérstökum ræktunardómum þegar ætt bókarskráningar hófust.

Nýtt lógó

Í tilefni 30 ára afmælis Retrieverdeildar var ákveðið að láta útbúa húfur með merki deildarinnar. Ekki reyndist unnt að koma gamla lógóinu á tölvutækt vektor-form og því var hönnuður fenginn til þess að teikna nýtt einfaldara lógó (sjá forsíðu).


Sýningar

Fimm sýningar fyrir retrieverhunda voru haldnar á starfsárinu, 4 alþjóðlegar og deildarsýning Retrieverdeildar. Af alls um 3000 skráningum voru 371 retriever skráning á þessum sýningum; 260 Labrador, 96 Golden, 15 Flat-coated. Skipting skráninga eftir flokkum var eftirfarandi: 29 í hvolpaflokki 4-6, 41 í hvolpaflokki 6-9, 83 í ungliðaflokki, 39 í unghundaflokki, 149 í opnum flokki, 10 í vinnu- og veiðihundaflokki, 15 í meistaraflokki og 5 í öldungaflokki.

1. tafla. Þátttaka retrieverhunda í sýningum árin 2005-2010, skipt eftir flokkum. * = deildarsýning.

	Hvolpafi 4-6	Hvolpafi 6-9	Ungliðafi.	Unghundafi	Opinn fi.	Vinnu-og veiðihundar	Meistarafi.	Öldungar	Alls
2005 (4 sýn)	18	15	40	31	39	0	6	6	155
2006 (3 sýn)	9	12	51	53	62	0	2	5	194
2007 (4 sýn)*	21	23	22	59	108	0	0	4	237
2008 (4 sýn)	8	24	52	23	98	10	1	0	216
2009 (5 sýn)*	19	14	87	52	138	2	11	2	325
2010 (5 sýn)*	29	41	83	39	149	10	15	5	371
Alls 2005-10:	104	129	335	257	594	22	35	22	1498

Sýningardómarar sem dæmdu retrieverhunda á árinu voru: 27. febrúar Zlatko Krajic (L), Angle Garac Domech (G) og Elina Tan-Hietalahti (F), 5. júní Jeff Horswell (allar teg.), 27. júní Jens Erik Sönderup (allar teg.), 29. ágúst Sigríður Pétursdóttir (L+G) og Jean Lanning (F), 21. nóvember Hans Rosenberg (L+F) og Andrew Brace (G).



2. mynd. Árleg þátttaka í retrieverhunda í veiðiprófum og sýningum frá upphafi

Veiðipróf

Átta veiðipróf voru haldin vegum deildarinnar á starfsárinu og voru alls 43 einstaklingar (allt Labrador Retriever) skráðir samtals 117 sinnum. Það er metþátttaka og voru 27 nýir þátttakendur í þessum prófum sem er meiri nýliðun en nokkru sinni fyrr og veit vonandi á bjarta framtíð. Tveir erlendir dómarar dæmdu, þau Keld Jørgensen frá Danmörku (Úlfliótsvatn) og Birgitta Staflund-Wiberg frá Svíþjóð (Hunkubakkar). Dýrheimar, umboðsaðili Royal Canin á Íslandi, styrktu komu eins dómara til landsins og gáfu öll verðlaun eins og mörg undanfarin ár. Íslensku dómaramir fjórir dæmdu og/eða gegndu hlutverki fulltrúa HRFÍ á árinu. Við þökkum Halldóri Garðari Björnssyni, Sigurði Ben Björnssyni, Sigurði Magnússyni, Margréti Pétursdóttur og Degi Jónssyni fyrir óeigingjarnt starf í okkar þágu og þeim fjölmörgu starfsmönnum sem aðstoðuðu við framkvæmd prófanna. Sigurmon M. Hreinsson hóf dómaramám á árinu.

Frá upphafi veiðiprófa árið 1995 hafa 102 próf verið haldin og alls 1045 skráningar (407 í BFL, 247 í OFL og 391 í ÚFL). Alls hafa 173 Labrador hundar tekið þátt, 5 Golden Retriever, 2 Chesapeake Bay og 2 Flat-coated. Fimm íslenskir dómarar hafa dæmt alls 68 próf og 606 hunda frá upphafi, en 15 erlendir dómarar hafa dæmt 34 próf og 439 hunda.

Skapgerðarmat

Einn Flat-coated Retriever undirgekkst skapgerðarmat á árinu.

Meistarar

Fjórir Labradorar hlutu meistaranafnbót á árinu:

- ISFTCH Kolkuós Hríma . Eigandi: Guðbjörg Konráðsdóttir.
- ISFTCH The Captain's Ljósavíkur Coco . Eigandi: Ingólfur Guðmundsson.
- ISSHCH Volcano's Royal Affaire Extraordinaire . Eigandi: Marteinn Stefánsson.
- ISSHCH Tíbráar Tinda Skorri . Eigandi: Auður Valgeirsdóttir.

Einn Golden Retriever hlaut meistaranafnbót á árinu:

- ISSHCH Allways On My Mind . Eigandi: Steinunn Guðjónsdóttir.

Þrír Flat-coated Retriever hlutu meistaranafnbót á árinu:

- ISSHCH Av-Zan-laz Inspirerende Breki . Eigandi: Ragnar Dagur Guðmundsson.
- ISSHCH Almanza Can't Get Enough . Eigandi: Anna Francesca Rósudóttir.
- ISSHCH Almanza Let's Join The Joyride . Eigandi: Anna Francesca Rósudóttir.

Stigahæstu hundar 2010

Í annað sinn voru reiknuð stig fyrir frammistöðu á veiðiprófum og á sýningum ársins og var fjórum hundum veitt viðurkenning á opnu húsi að Síðumúla 15 þann 1. desember 2010. Eigendum þeirra voru afhentir farandbikarar sem ræktendur stigahæstu hunda 2009 gáf u.

Veiðipróf 2010: ISFTCH Copperbirch Montanus, 57 stig. Eig. Sigurmon Marvin Hreinsson.

Sýningar 2010 Labrador Retriever: Dolbia Somebody Loves Me, 50 stig. Eig. Irmina Dudkowiak.

Sýningar 2010 Golden Retriever: ISShCh Allways On My Mind, 54 stig. Eig. Steinunn Guðjónsdóttir.

Sýningar 2010 Flat-coated Retriever: ISShCh Almanza Let´s Join the Joyride 33 stig. Eig. Anna Francesca Rósudóttir.

Fagráð um ræktun Golden Retriever

Fagráð um ræktun Golden Retriever er ræktunarstjórn til ráðgjafar. Fagráðið opnaði sérstaka síðu á heimasíðu Retrieverdeildar og birtir þar m.a. ræktunarmarkmið fyrir tegundina.

Heimasíða

Retrieverdeildin heldur úti mjög öflugri heimasíðu sem er mikið heimsótt. Þar eru ýmsar upplýsingar aðgengilegar um starfsemi deildarinnar og gagnagrunnur með öllum ættbókum, heilsufarsupplýsingum og árangri hundanna okkar auk tölfræðisamantekta ýmiss konar. Fundargerðir stjórnarfundu og almennra fundu hafa verið birtar síðustu tvö árin til að auðvelda félagsmönnum að fylgjast með því sem er á döfinni. Spjall á heimasíðunni gefur frábæra samskiptamöguleika hundaeigenda og er vel vaktað, en notkun hefur verið sveiflött. Á árinu opnaði deildin fésbókarsíðu sem var mjög vel tekið og á 3. hundrað manns skráðir. Heimasíðustjóri okkar er Olgeir Gestsson og þökkum við honum vel unnin störf á árinu sem endranær.

Dagskrá 2011

Dagskrá er ráðgerð með hefðbundnum hætti árið 2011. Við höfum fengið leyfi til að halda deildarsýningu og verður hún laugardaginn 2. júlí á Úlfjótuvatni. Dómari verður Kate Crosbie-Black frá Írlandi. Níu veiðipróf eru ráðgerð og er ráðgert að halda eitt þeirra í Eyjafirði. Dagskráin er sem hér segir (með fyrirvara um samþykki HRFÍ):

Dagsetning	Staður	Dómari	Fulltúi HRFÍ	Prófstjóri
lau.30.04.2011	Akranes	Sigurður Magnússon	Sigurður Ben Björnsson	Sigurmon M. Hreinsson
lau.14.05.2011	Tjarnhólar	Dagur Jónsson	Margrét Pétursdóttir	Samúel Hermannsson
lau.04.06.2011	Draugatjörn	Margrét Pétursdóttir	Halldór G. Björnsson	Ingibergur Þorvaldsson
lau.11.06.2011	Akureyri	Halldór G. Björnsson	Sigurður Ben Björnsson	- einhver að sunnan
sun.03.07.2011	Úlfjótuvatn - Villingavatn	Lars Mertz (DK)	- fulltúi ákveðinn síðar	Heiðar Sveinsson
lau.16.07.2011	Villingavatn/Hringatj.	Halldór G. Björnsson	Dagur Jónsson	Ingólfur Guðmundsson
lau.30.07.2011	Hunkubakkar	Morten Kjelland (NO)	Guðm. A. Guðmundsson	Gísli Unnsteinsson
sun.31.07.2011	Hunkubakkar	Morten Kjelland (NO)	Þorsteinn Birgisson	Gísli Unnsteinsson
lau.27.08.2011	Kerlingarfjöll	Dagur Jónsson	- fulltúi ákveðinn síðar	Þorsteinn Birgisson

Lokaorð

Það er með Retrieverdeildina eins og öll áhugamannafélög sem byggja starf sitt alfarið á framlagi sjálfbæðaliða að hún endurspeglar það fólk sem leggur eitthvað að mörkum. Félag er ekki annað en fólk sem í því starfar. Það er margt sem hægt er að gera til að auka og auðga starfsemi, en til þess þurfa fleiri að taka virkan þátt í starfinu. Góðar hugmyndir eru alltaf vel þegnar, en helst þarf hugmyndasmiðurinn líka að sjá til þess að koma þeim í framkvæmd.

Ræktunarstjórn Retrieverdeildar þakkar öllum þeim sem aðstoðuðu við framkvæmd veiðiprófa, deildarsýningar, uppsetningu alþjóðlegra sýninga og mönnum sýningabása deildarinnar á árinu. Royal Canin á Íslandi, Bendir ehf, Veiðihornið ehf, Retriever-skólinn og nokkrir ræktendur styrktu starfsemi deildarinnar og lögðu til fé til að standa straum af rekstri heimasíðunnar. Án ykkar hefði þetta ekki verið hægt. Að lokum óskum við öllum þeim sem hafa náð góðum árangri með hunda sína á árinu til hamingju og vonumst eftir framhaldi á því.

Reykjavík, 14. mars 2011.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ

Guðmundur A. Guðmundsson, formaður

Retrieverdeild HRFÍ (kt. 610809-0490).

Bankareikningur (0701-26-610809); staða 31. desember 2010 var kr. 21.889,-

Rekstrarreikningur 2010

	Gjöld	Tekjur
Rekstrarhagnaður 2009		3.598
Styrkur frá Retriever-skólanum v. heimasíðu		24.000
Styrkur frá Dýrheimum v. heimasíðu		24.000
Styrkir til rekstrar heimasíðu frá 5 ræktendum		50.000
Styrkur frá Bendi		52.500
Styrkir vegna veiðiprófa (ýmsir)		45.000
Óopinber veiðipróf í jan og feb		5.000
Kaffisala í Sólheimakoti og Síðumúla		8.500
Vefvistun hjá Tónaflóði, jan.2010 - jan.2011	61.345	
ISNIC-Lén 2010	7.982	
Ávisanahefti	2.000	
Keyptar 300 derhúfur	258.555	
Seldar 105 derhúfur		157.500
Leiga á posa og færslugjöld	11.547	
Lán frá GAG 15.7.10 og endurgreiðsla 30.12.10	40.000	85.000
Staðgreitt fyrir HRFÍ	55.645	
Vextir og fjármagnstekjuskattur	77	432
Rekstrarhagnaður	21.835	
	=====	=====
Samtals:	459.030	459.030

Efnahagsreikningur

Hrein eign Retrieverdeildar HRFÍ 31. desember 2010 var kr. 29.034,- í lausafé, þar af 21.889 á bankabók og 55.645 óinnheimt hjá HRFÍ, en útistandandi skuld er kr. 48.500.

Retrieverdeild HRFÍ á óseldan lager af derhúfum (190 stk @ 1500 = 285.000).

Reykjavík, 14. mars 2011.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ

Guðm. A. Guðmundsson

Guðmundur A. Guðmundsson, formaður